

**Mál nr. 408/2017****M og  
vátryggingafélagið V v. slysátryggingar launþega T.****Maður steig á þröskuld við búningssklefa og datt 22.11.2013. Tilkynningarfrestur.****Gögn.**

1. Málskot móttakið 14.12.2017 ásamt fylgiskjölum nr. 1-6
2. Bréf V dags. 5.1.2018 ásamt fylgiskjölum 1-2.

**Málsatvik.**

M hafði lokið vinnu og var að fara úr búningssklefa yfir í matsstofu og steig vitlaust á þröskuld og datt og slasaðist. Vinnuveitandi M tilkynnti slysið sama dag og M slasaðist til V. M krefst bóta úr slysátryggingu launþega T hjá V. V hafnar bótaskyldu með vísan til þess að ársfrestur skv. Þágildandi 1. mgr. 124.vgr. laga nr. 30/2004 um vátryggingasamninga hafi verið liðinn þegar tjónið var tilkynnt. V segir að umboð hafi borist frá lögmanni M rúmlega 3 árum eftir að slysið varð og það hafi verið hin eiginlega tilkynning frá M, en áður hafi borist tilkynning frá vátryggingataka, en það hafi verið á ábyrgð tjónþola sjálfs að tilkynna um slysið. V segir að ótvírætt sé að tilkynningaskyldan hvíli á vátryggðum vegna tjónsins og tilkynning frá vinnuveitanda leysi hann ekki undan þeirri skyldu. Af hálfu M er því haldið fram að tilkynning vinnuveitanda fullnægi skilyrði 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga auk þess hafi M tilkynnt um tjónið innan tímafrestsins frá því að hann fékk vitneskju um þau atvik sem krafa hans sé reist á. M segir að með breytingu á 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga með breytingalögum 15/2015 hafi verið tekinn af allur vafi um það að ekki skipti máli með hvaða hætti tryggingafélagi berst tilkynning um tjón. Tilkynning vinnuveitanda sé því fullnægjandi skv. núgildandi lögum. Þá byggir M á því að honum hafi ekki verið að fullu ljóst að tjón hans yrði varanlegt fyrr en á árinu 2017.

**Álit.**

Sá tímafrestur sem settur er fyrir tilkynningar á tjónum, sem settur er í 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga er ekki síst til þess að vátryggingafélög viti innan eðlilegs tíma hvaða kröfum kunni að verða að þeim beint. Í máli þessu er ljóst að V var tilkynnt um slys M á slysdegi af vinnuveitanda M. Þó tekin hafi verið af öll tvímæli, með lögum nr. 15/2015, um að það væri sama hvernig tilkynning bærst til vátryggingafélaga um tjón í skilningi 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga verður ekki litið svo á að vátryggingafélag geti borið því við að það hafi ekki fengið tilkynningu um tjónið ef annar en vátryggður tilkynnti það. Í þessu tilviki hafði V borist tilkynning um tjón vegna slysátryggingar launþega innan tímafrests 1. mgr. 124. gr. laga um vátryggingarsamninga og verður umrædd lagagrein ekki túlkuð með þeim hætti að form tilkynningar beri efni hennar ofurliði.

**Niðurstaða.**

M á rétt á bótum úr slysátryggingu launþega hjá T.

Reykjavík 30.1. 2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.